

Aðalfundur Hvanneyrabúsins ehf.

Ásgarði 27. ágúst 2019, kl. 11:00

Mættir eru: Baldur Helgi Benjamínsson (BHB) formaður stjórnar, Pétur Diðriksson (PD), Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG) stjórnarmenn, Egill Gunnarsson (EG) bústjóri, Theódóra Ragnarsdóttir rekstrarstjóri, Þórunn Jónsdóttir, verkefnastjóri og Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (RIP) rektor.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar og umræður um hana (BHB).
2. Ársreikningur Hvanneyrabúsins 2018 kynntur og lagður fram til afgreiðslu (EG).
3. Rekstrarstaða félagsins á fyrri hluta ársins 2019 (EG).
4. Tilnefning stjórnar Hvanneyrabúsins ehf. (RIP).
5. Önnur mál.

Fundargerð

Stjórnarformaður stýrir fundi (BHB), ritari stjórnar ritar fundargerð (ÓÓG).

1. Stjórnarformaður fór yfir skýrslu stjórnar og er hún aðgengileg á vefsíðu Landbúnaðarháskóla Íslands, www.lbhi.is. Rektor þakkaði stjórn fyrir góða stjórn og sýnileika, en stjórnarformaður skrifaði grein í Bændablaðið um rekstur búsins á árinu 2017. Hvatti hún til þess að meira sé flutt af fréttum frá búinu. Spurt var um hvaða rannsóknarverkefni búið hefur sótt um styrki fyrir, þar má nefna verkefni Jónu Kristínar Vagnsdóttur sem búið sótti um styrk fyrir og var unnið í fjósinu. Rætt var um möguleika þess að búið sæki um fleiri styrki sjálf til rannsóknarverkefna. Varðandi framtíðarsýn búsins var rætt um plássleysi fyrir skipulag tilrauna og möguleika á breytingum á húsnæðinu til að auka pláss fyrir gripi á kostnað t.a.m. hlöðuenda. Einnig var rætt um hversu miklar aukatekjur skapast af því að leggja inn úrvalsmjólk og vera með fyrirmyndarþú, sem búið gerir hvoru tveggja. Rektor spurði um fjölda gesta sem koma í gegnum fjósið. Bústjóri áætlaði að tekið sé á móti að meðaltali 50 hópum á ári, misstórum. Þetta eru skólahópar, innlendir og erlendir bændur og ýmsir aðrir hópar. Ekki er tekið á móti erlendum gestum nema það séu meira en 48 klst. frá því að þeir umgengust búfé erlendis. Einnig eru notaðar skóhlífar fyrir gesti. Í ljósi umræðu eftir atvik sumarsins í Efsta-Dal er það þörf á bændingum að fara yfir verklagsreglur varðandi smithættur. Stjórn ítrekar þakki til bústjóra og fjósameistara fyrir afburða góð störf.
2. Bústjóri fór yfir ársreikning 2018 sem sýndi hagnað upp á tæpar 5 milljónir. Tekjur fyrir seldar afurðir jukust milli ára, meðal annars vegna herra mjólkurverðs útaf herra efnainnihaldi. Gjöld fyrir fóður og áburð hækkuðu milli ára vegna verðhækkana m.a. Rætt var um gjöld vegna áburðar, sem stjórn þykir hófleg upphæð miðað við stærð ræktarlands. Bústjóri stefnir á að lækka þau gjöld enn fremur með bættri nýtingu búfjáráburðar. Ársreikningurinn var samþykktur af rektor.

Fundarhlé

3. Egill fór yfir rekstrarstöðu búsins fyrstu 6 mánuði ársins 2019. Tekjur af mjólk eru svipaðar og 2018, meiri sala hefur verið á heyi. Gjöld fyrir fóður hafa hækkað vegna verðhækkana

fóðursala. Hagnaður eftir fjármagnsliði er rúmar 6 milljónir, sem er svipuð upphæð og í fyrra. Rekstur búans virðist vera stöðugur miðað við árið áður. Tekið var lán fyrir kaupum á sláttuvélum, framvegis skal samráð haft við eiganda vegna fjárhagslegra skuldbindinga.

4. Tilnefning í stjórn Hvanneyrarbúsins ehf. (RÍP).

Rektor tilnefndi nýja stjórn þannig að hún sé skipuð Baldri Helga, Pétri og Ragnheiði sjálfri. Ragnheiður verður stjórnarformaður.

5. Önnur mál:

Rætt um breytta nýtingu á kennitölu búrekstrarins. Fundarmenn lýsa sig jákvæða fyrir því að það sé skoðað að taka fleiri rekstrareiningar undir kennitölu búans enda séu rekstrareiningarnar algjörlega sjálfstæðar í uppgjöri. Stjórnarmenn benda á mikilvægi þess að hagnaður af mjólkurframleiðslunni sé nýttur fyrir kúabúið sjálft en sé ekki nýtt til þess að greiða upp tap af öðrum rekstri.

Næsti aðalfundur verður haldinn í apríl 2020.

BDO verður ráðinn sem löggiltur endurskoðandi félagsins.

Fundi slitið klukkan 14.50